

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 126 (16.9.2024) - Aðalskipulagsbreyting, Djúpivogur, Ný vegtenging, athafna- og hafnarsvæði

Málsnúmer : 202110146
Málsaðili : Hafnir Múlaþings
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 16.09.2024

Inngangur : Verkefnastjóri hafna og skipulagfulltrúi sitja fundinn undir þessum lið.
Skipulags- og matslýsing vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 20088-2020 var kynnt 20. mars til og með 20. apríl 2024. Fyrir ráðinu liggja umsagnir sem bárust á kynningartíma auk samantektar á þeim. Jafnframt liggur fyrir ráðinu minnisblað þar sem bornar eru saman tvær staðsetningar fyrir nýtt athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæði; annars vegar við Innri-Gleðivík og hins vegar Sandbrekkuvík.

Niðurstaða : Verkefnastjóri hafna og skipulagfulltrúi sitja fundinn undir þessum lið.
Skipulags- og matslýsing vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 20088-2020 var kynnt 20. mars til og með 20. apríl 2024. Fyrir ráðinu liggja umsagnir sem bárust á kynningartíma auk samantektar á þeim. Jafnframt liggur fyrir ráðinu minnisblað þar sem bornar eru saman tvær staðsetningar fyrir nýtt athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæði; annars vegar við Innri-Gleðivík og hins vegar Sandbrekkuvík.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að óska eftir umsögn heimastjórnar Djúpavogs á fyrirliggjandi minnisblaði um samanburð á staðarvali. Málið verður tekið fyrir að nýju þegar hún liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.